

Náttúrufræði 5. og 6. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

5, 6

Lýsing

Farið verður í uppbyggingu plantna, sveppi og fléttur og samspil lífandi og lífvana þátta. Síðan verður farið í grunnatriði mannslíkamans eins og taugakerfið og skynfærin.

Að lokum verður farið í himingeiminn, reikistjörnurnar og sólina og áhrif krafta á líf manna

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bókin Náttúrulega er grunnbók í líffræði. Hún skiptist í tvo hluta, verkefnabók og lesbók. Fjallað er um efni hennar í fyrirlestrum og með umræðum. Horft er á skýringarmyndbönd eftir því sem við á.

Tekin eru dæmi héðan og þaðan úr hinu daglega lífi til þess að skýra betur það sem um ræðir, en eins og gefur að skilja hefur margt áhrif á líf okkar, líðan og virkni líkamans.

Reglulega eru hafðar umræður um efnið. Talað um lykilhugtök og lykilorð sem reynt er að festa í minni á margan hátt, enda endurtekningin mikilvæg.

Nemendur fá að vinna sjálfstætt og á eigin hraða í sumum verkefnum, annars staðar vinna þeir með öðrum og þjálfa þá samvinnuhæfnina.

Námsaðlögun

Bent er á hjálpargögn, m.a. hljóðbækur sem geta nýst við að meðtaka efnið.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin verður vinna í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, verkefnaskil og kannanir.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

- * Framúrskarandi
- ✓ Hæfni náð
- ◇ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

- A = Framúrskarandi
- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Geta til aðgerða

- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi.


VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Lífsskilyrði manna

- Þekki og geti útskýrt helstu hugtök um heilbrigði, hormón og hreinsikerfi líkamans.
- Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og harðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægarskiptum.
- Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Náttúra Íslands

- Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.

 Náttúrulega 2
(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/natturulega_2/)

 Náttúrulega 2 - verkafnabók
(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/natturulega_2_vb/)